

## TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 17. desember 1982

## um breytingu á tilskipunum um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi landbúnaðardráttarvélar á hjólum

(82/890/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 1. gr. tilskipunar ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvéllum á hjólum <sup>(3)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun 79/694/EBE <sup>(4)</sup>, er gildissvið téðrar tilskipunar takmarkað við dráttarvélar sem hafa loftfyllta hjólbarða, tvo ása og eru hannaðar fyrir hámarkshraða á bilinu 6 til 25 km/klst.

Í sömu tilskipun er kveðið á um að um dráttarvélar sem eru hannaðar fyrir hámarkshraða yfir 25 km/klst. skuli þar sem þörf krefur gilda sérkröfur. Slíkar dráttarvélar mynda hluta af dráttarvélarflota sem er framleiddur og notaður í bandalaginu og býður upp á ýmsa kosti varðandi nýtingu bújarða.

20% aukning á hámarkshraða sem ákveðinn er með hönnun, og hefur gilt fram að þessu, er hæfileg ef öryggi á vegum og við vinnu í landbúnaði er haft í huga.

Aðildarríki geta þó takmarkað hraða dráttarvéla á vegum með því að setja hraðatakmarkanir.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. C 182, 19. 7. 1982, bls. 112.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. EB nr. C 77, 29. 3. 1982, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjútíð. EB nr. L 84, 28. 3. 1974, bls. 10.

<sup>(4)</sup> Stjútíð. EB nr. L 205, 13. 8. 1979, bls. 17.

Fara má með dráttarvélar sem hafa fleiri en tvo ása á sama hátt og þær sem hafa einungis tvo, og geta því sömu ákvæðin gilt um hvorar tveggja.

Því er ekki nauðsynlegt að setja sérstakar reglur sem gert er ráð fyrir í rammatilskipun 74/150/EBE og nægir að víkka út gildissvið þeirrar tilskipunar og sértilskipana, með ítarlegri skilgreiningu á gildissviði þeirra, til dráttarvéla sem hafa fleiri en tvo ása og dráttarvélar sem eru hannaðar fyrir hámarkshraða á bilinu 25 til 30 km/klst.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

1. Í stað 2. mgr. 1. gr. tilskipananna 74/150/EBE, 74/151/EBE <sup>(5)</sup>, 74/152/EBE <sup>(6)</sup>, 74/346/EBE <sup>(7)</sup>, 74/347/EBE <sup>(8)</sup>, 75/321/EBE <sup>(9)</sup>, 75/322/EBE <sup>(10)</sup>, 76/432/EBE <sup>(11)</sup>, 77/311/EBE <sup>(12)</sup>, 77/537/EBE <sup>(13)</sup>, 78/933/EBE <sup>(14)</sup>, 79/532/EBE <sup>(15)</sup>, 79/533/EBE <sup>(16)</sup> og 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 78/764/EBE <sup>(17)</sup> komi eftirfarandi:

„2. Tilskipun þessi gildir eingöngu um dráttarvélar sem skilgreindar eru í 1. mgr. og hafa loftfyllta hjólbarða, a.m.k. tvo ása og eru hannaðar fyrir hámarkshraða á bilinu 6 til 30 km/klst.“

2. Í stað 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 80/720/EBE <sup>(18)</sup> komi eftirfarandi:

<sup>(5)</sup> Stjútíð. EB nr. L 84, 28. 3. 1974, bls. 25.

<sup>(6)</sup> Stjútíð. EB nr. L 84, 28. 3. 1974, bls. 33.

<sup>(7)</sup> Stjútíð. EB nr. L 191, 15. 7. 1974, bls. 1.

<sup>(8)</sup> Stjútíð. EB nr. L 191, 15. 7. 1974, bls. 5.

<sup>(9)</sup> Stjútíð. EB nr. L 147, 9. 6. 1975, bls. 24.

<sup>(10)</sup> Stjútíð. EB nr. L 147, 9. 6. 1975, bls. 28.

<sup>(11)</sup> Stjútíð. EB nr. L 122, 8. 5. 1976, bls. 1.

<sup>(12)</sup> Stjútíð. EB nr. L 105, 28. 4. 1977, bls. 1.

<sup>(13)</sup> Stjútíð. EB nr. L 220, 29. 8. 1977, bls. 38.

<sup>(14)</sup> Stjútíð. EB nr. L 325, 20. 11. 1978, bls. 16.

<sup>(15)</sup> Stjútíð. EB nr. L 145, 13. 6. 1979, bls. 16.

<sup>(16)</sup> Stjútíð. EB nr. L 145, 13. 6. 1979, bls. 20.

<sup>(17)</sup> Stjútíð. EB nr. L 255, 18. 9. 1978, bls. 11.

<sup>(18)</sup> Stjútíð. EB nr. L 194, 28. 7. 1980, bls. 1.

„2. Tilskipun þessi gildir eingöngu um dráttarvélar sem skilgreindar eru í 1. mgr. og hafa loftfyllta hjólbarða, a.m.k. tvo ása, eru hannaðar fyrir hámarkshraða á bilinu 6 til 30 km/klst og föst eða breytileg lágmarks-  
sporvidd drifáss er 1 150 mm eða meira.“

3. Í stað 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 76/763/EBE <sup>(1)</sup> komi eftirfarandi:

„2. Tilskipun þessi gildir eingöngu um dráttarvélar sem skilgreindar eru í 1. mgr. og hafa loftfyllta hjólbarða, a.m.k. tvo ása, eru hannaðar fyrir hámarkshraða á bilinu 6 til 30 km/klst og hafa sporvidd 1 250 mm eða meira.“

4. Í stað liðar 1.5 í viðauka við tilskipun 74/152/EBE komi eftirfarandi:

„1.5. Með tilliti til þess að ýmsar óhjákvæmilegar skekkjur geta orðið, einkum vegna mæliaðferða og aukningar á snúningshraða hreyfils þegar dráttarvélin er hlaðin að hluta, leyfist við gerðarviðurkenningarprófun að mældur hraði fari 10% fram yfir 30 km/klst.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari innan 18 mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. desember 1982.

*Fyrir hönd ráðsins,*  
H. CHRISTOPHERSEN  
*forseti.*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 135.